

## **Meginmarkmið Heilsustefnu Reykjanesbæjar**

Meginmarkmið heilsustefnu Reykjanesbæjar er að stuðla að aukinni andlegri og líkamlegri vellíðan starfsfólks og þannig auknum lífsgæðum. Með bættri líðan starfsfólks nýtist enn betur sá auður sem í því býr, veikindadögum fækkar og þjónusta sveitarfélagsins við íbúa batnar. Reykjanesbær mun leitast við að mæta aukinni eftirspurn starfsmanna Reykjanesbæjar um þátttöku bæjarfélagsins í vellíðan og lífsgæðum starfsmanna. Reykjanesbær vill efla vitund starfsmanna á mikilvægi þess að lifa heilbrigðu lífi og sýna fram á að bæjarfélaginu sé annt um heilsu og öryggi starfsmanna sinna.

**Undirmerkið** heilsustefnu eru eftirfarandi:

1. Að bæta vinnuumhverfi, auka upplýsingastreymi og efla lífsgæði starfsmanna.
2. Að mæta sálrænum, félagslegum og líkamlegum þörfum starfsmanna á vinnustað á sem árangursríkastan hátt.
3. Að stuðla að auknu félagsstarfi innan stofnana og jákvæðum og uppbyggjandi vinnustaðabrag.
4. Að leitast við að auka heilbrigði starfsmanna og þar með draga úr veikindum starfsmanna og fjarvistum sem orsakast af vinnutengdu álagi.
5. Að hvetja til alhliða heilsueflingar meðal starfsmanna.
6. Að auka fræðslu til starfsmanna um þætti sem stuðla að því að viðhalda góðri heilsu og til heilsubótar.
7. Að gera starfsmenn meðvitaðri um réttindi sín og möguleika á styrkjum stéttarféлага til heilsubótar.
8. Að stuðla að því að aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustað séu eins og best verður á kosið.

**Aðgerðir:**

- Í heilsuhóp sem starfar að framkvæmd heilsustefnu eiga sæti fulltrúar frá sviðum bæjarins, einn frá hverju sviði. Heilsuhópur setur sér markmið og skiptir með sér verkum undir stjórn starfsþróunarstjóra. Fundir verða a.m.k. fjórum sinnum á ári.

Heilsuhópurinn kynnir reglulega starf sitt á starfsmannafundum og hvetur aðra starfsmenn til heilbrigðs lífennis auk þess að vera í góðu samstarfi við trúnaðarmenn.

- Ráðinn verður trúnaðarlæknir. Trúnaðarlæknir mun hafa eftirlit með veikindum starfsmanna og stjórnendum til ráðgjafar. Starfsmenn leita til trúnaðarlæknis til að færa sönnur fyrir veikindum sínum, með læknisvottorði.
- Heilsuhópurinn leitar tilboða fyrir hönd starfsmanna Reykjanesbæjar vegna heilsufarsúttektar, sem fer fram einu sinni á ári hjá hjúkrunarfræðingi.
- Heilsuhópur leitar eftir tilboðum hjá heilsuræktarstöðvum og sundstöðum um kaup á afsláttarkortum og kynnir fyrir starfsfólki.
- Kannað verður reglulega viðhorf starfsfólks til vinnunnar, líðan þess í vinnu, viðhorf til vinnuumhverfis og vinnutengds álags.
- Heilsuvika verður haldin einu sinni á ári þar sem boðið er upp á fræðslu um heilsutengd málefni, svo sem atvinnutengda sjúkdóma, vinnustellingar, mataræði ofl. Að auki munu ýmsar aðrar upptakomur eiga sér stað. Ábyrgð á framkvæmd heilsuviku ber heilsuhópur í samráði við starfþróunarstjóra og forstöðumenn stofnana.
- Leitast verður við að taka þátt í átaksverkefnum sem stéttarfélögin standa fyrir og stuðlað geta að bættri heilsu starfsfólks.

### **Framkvæmd:**

Heilsustefnan nær til allra stofnana Reykjanesbæjar og skal endurskoðuð árlega af heilsuhópi. Heilsuhópur leggur tillögur að verkefnum ársins fyrir framkvæmdastjórafund til samþykktar. Forstöðumenn eru ábyrgðaraðilar fyrir því, að stefnunni sé framfylgt og hún útfærð í hverri stofnun fyrir sig. Heilsuhópurinn mun fylgjast með og hvetja starfsfólk til þátttöku.

### **Mælingar á árangri**

Árlega fer starfþróunarstjóri yfir fjölda veikindadaga hvernar stofnunar og gefur heilsuhópi skýrslu um þróun þeirra. Jafnframt verða niðurstöður viðhorfskannana á starfsánægju og líðan starfsfólks notaðar til að meta árangur heilsustefnunnar.